

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

13. febrúar 2017 kl. 8:15

Mættir voru: Bryndís Jónsdóttir foreldrafulltrúi, Halla Björk Marteinsdóttir foreldrafulltrúi, Halldór Sigurjónsson, húsvörður, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Halldór Sigurjónsson, húsvörður Lovísa Hannesdóttir, kennari, Smári Þorbjörnsson, kennari, Þorvar Hafsteinsson, formaður foreldrafélagsins og Bjarki Kristjánsson, fulltrúi nemenda. María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri var fundarritari.

1. Skóladagatal

Skóladagatal fyrir skólaárið 2017-2018 var lagt fyrir. Rætt var um að 14. desember yrði skertur dagur og að nemendur hætti um klukkan 12 eða eftir hádegismat. Þennan dag eru jólasveinaleikarnir og var þetta samþykkt. Skóladagatal var samþykkt.

2. Spjaldtölvumál

Fram kom að í nokkrum árgöngum hefur verið umræða um að foreldrar upplifi að þeir séu að missa stjórn á tölvunotkun barna sinna. Einnig hefur heyrst að kennarar séu ekki ánægðir. Kom fram að innleiðingin á spjaldtölvum í Kópavogi hafi farið of hratt af stað. Foreldrar velta fyrir sér hvort þetta sé betri leið fyrir nemendur til að læra heldur en gamla leiðin. Spjaldtölvur eru notaðar alla daga á unglingastiginu og mikið af skapandi verkefnum unnin. Kennsluraðgjafar eru farnir að huga að hvernig þeir afhenda spjöldin á næsta ári. Það er komin umræða um hvernig eigi að gera þetta, eiga spjaldtölvurnar að vera meira í skólanum. Fram kom hjá Guðrúnu Soffíu, skólastjóra, að Björn og félagar í Spjaldtölvuteymi Kópavogs ætla að fara hægar í að dreifa spjöldum næsta haust. Kom fram hugmynd um að halda fundi með foreldrum áður en spjöldin eru afhend þar sem tæknimál og uppeldismál verða rædd. Skólinn mun skoða þetta vel.

3. Afhending endurskinsmerkja

Fyrir jól seldi foreldrafélagið endurskinsmerki til foreldra. Samvinna var við skólann um dreifingu þeirra en það gekk ekki nógu vel. Kennarar voru ekki viljugir að afhenda merkin. Rætt um að það þurfi að finna aðra leið til að dreifa merkjum ef þetta verði gert aftur.

4. Skólaþing:

Áhugi á að halda slíkt þing í vor. Hugmynd um að skipa hóp með tveimur kennurum, tveimur nemendum og tveimur foreldrum og myndi sá hópur ákveða hvernig skipulagið yrði. Ákveðið að hafa einn fund þar sem þetta yrði rætt.

5. Önnur mál:

Rætt um skólaaksturinn og öryggismál. Guðrún Soffía sagði frá því að hún hafi talað við Dóru hjá Teiti og hún segir að þau séu að fara yfir þessi öryggismál og bílstjórnarnir eigi að sjá til þess að allir séu í beltum. Ekki eru allir bílar frá Teiti með belt

Foreldrafelagið hefur skoðað að hafa skiðadag 13. mars en það er skipulagsdagur. Þau munu auglýsa þessa ferð á síðu foreldrafélagsins.

Fundi slitið kl. 9:15